

Veðurstofan
b.t. Hildigunnar H. H. Thorsteinsson
Bústaðavegi 7-9
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. september 2025

Tilv.: 2504022

Efni: Samkeppnisrekstur Veðurstofunnar og fjárhagslegur aðskilnaður

1. Samkeppniseftirlitið vísar til erindis Félags atvinnurekenda (hér eftir FA) til Veðurstofunnar, dags. 11. apríl sl., sem eftirlitið fékk sent afrit af. Í erindi sínu vísar FA til þess að með ákvörðun nr. 13/2002 hafi samkeppnisráð (nú Samkeppniseftirlitið) sett Veðurstofunni ýmis skilyrði varðandi samkeppnisrekstur stofnunarinnar og á því byggt að engin leið sé að átta sig á því út frá upplýsingum, sem gefnar eru á vef Veðurstofunnar og í ársskýrslum stofnunarinnar, hvort farið sé að þeim fyrirmælum eður ei. Með erindinu beindi FA tilteknum spurningum til Veðurstofunnar sem Veðurstofan hefur nú brugðist við, sbr. bréf þess dags. 10. júní sl. Samkeppniseftirlitið fékk jafnframt afrit af því bréfi og hefur yfirfarið þau sjónarmið og svör sem þar koma fram. Af gefnu tilefni þykir ástæða til að koma eftirfarandi á framfæri við Veðurstofuna.
2. Í fyrrgreindu bréfi sínu vísar Veðurstofan til ákvæða laga nr. 70/2008, sem veiti Veðurstofunni heimild til að afla sér tekna með sölu á þjónustu á verkviði stofnunarinnar, sbr. 3. gr. laganna, og að í 4. gr. hafi Veðurstofunni verið settur ákveðinn rammi í þeim efnum. Þar segir að skilja skuli samkeppnisstarfsemi Veðurstofunnar fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins og að endurgjald vegna þeirrar starfsemi skuli taka mið af markaðsverði. Byggir Veðurstofan á því að eftir að umrædd lagaákvæði voru innleidd með lögum nr. 70/2008 hafi skilyrði samkeppnisyfirvalda, sem sett voru árið 2002, ekki lengur gildi.
3. Af þessu tilefni er rétt að taka fram að fyrirmæli um fjárhagslegan aðskilnað sem sett voru fram í ákvörðun samkeppnisráðs, nr. 13/2002, byggðu á 14. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993, en ákvæðið var tekið óbreytt inn í núgildandi samkeppnislög nr. 44/2005, sbr. 14. gr. þeirra laga. Með ákvæðinu er eftirlitinu falið sjálfstætt vald til að hlutast til um fjárhagslegan aðskilnað. Ekki fæst séð að ákvæði laga nr. 70/2008 um Veðurstofu Íslands raski að neinu leyti heimildum Samkeppniseftirlitsins, enda mæla löggin ekki á annan veg fyrir um skyldur Veðurstofunnar að þessu leyti. Þvert á móti má ráða af lögnum að vilji löggjafans hafi einmitt verið sá að festa í sessi þá grundvallarreglu að Veðurstofan aðskilji samkeppnisrekstur sinni frá öðrum þáttum rekstrarins. Lögskýringargögn með lögnum gefa annað ekki til kynna. Ekki fæst því séð að lögskýringarsjónarmið um að sérlög gangi framur almennum lögum skerði heimildir Samkeppniseftirlitsins eða hafi áhrif á gildi ákvörðunar nr. 13/2002.
4. Í bréfi Veðurstofunnar til Félags atvinnurekenda kemur fram að ekki hafi verið haldið sjálfstætt reikningshald um þann rekstur Veðurstofunnar sem talist gæti verið í samkeppni við einkarekna aðila. Upplýsingar um selda þjónustu annars vegar og framlög og ýmsar sértekjur hins vegar séu aftur á móti skýrt afmarkaðar í ársreikningum (rekstrarreikningum) stofnunarinnar og verkbókhald sé haldið utan um öll verkefni stofnunarinnar. Af svarinu má ráða að fyrirmælum 4. gr. fyrrgreindra laga um Veðurstofuna hafi ekki verið fylgt með fullnægjandi hætti. Þá virðist stofnunin ekki hafa fylgt ákvörðunarorðum ákvörðunar nr. 13/2002 m.a. með því að halda fjárhagslegum aðskilnaði annars vegar á milli þeirrar starfsemi Veðurstofu Íslands sem



er á samkeppnismarkaði og hins vegar þeirri starfsemi sem Veðurstofnunni er skylt að sinna samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Nánar tiltekið fólu fyrirmælin í sér eftirfarandi:

- 1) „Stofnuð verði sérstök eining um rekstur þeirrar þjónustu sem er og verður á samkeppnismarkaði. Reikningshald þessarar þjónustueiningar skal vera sjálfstætt. Reikningsskil skulu gerð í samræmi við meginreglur laga um ársreikninga og skulu þau liggja fyrir opinberlega með sambærilegum hætti og almennt gerist.
 - 2) Gera skal sérstakan stofnefnahagsreikning. Skulu þær eignir sem teljast til þjónustueiningarinnar metnar á markaðsverði ef þess er kostur en annars á endurkaupsverði að frádregnum hæfilegum afskriftum.
 - 3) Með skuldum þjónustueiningarinnar skulu teljast skuldbindingar sem tengjast starfsemi samkeppnisstarfseminnar.
 - 4) Öll viðskipti milli þjónustueiningarinnar og annarra sviða Veðurstofu Íslands skulu verðlögð á markaðsverði eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Ef markaðsverð liggur ekki fyrir skal miðað við kostnaðarverð að viðbætti hæfilegri álagningu.
 - 5) Gjaldskrá skal standa undir rekstrarkostnaði þjónustueiningarinnar auk hæfilegrar álagningar eins og um sjálfstæðan rekstur væri að ræða.“
5. Með fjárhagslegum aðskilnaði á grundvelli 14. gr. samkeppnislaga er að lágmarki átt við algeran bókhaldslegan aðskilnað milli annars vegar þess hluta rekstrar fyrirtækis eða stofnunar, sem lagagreinin tekur til, sem nýtur einkaleyfis eða hvers konar opinberra fjárframlaga, og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í samkeppni við aðra aðila. Með slíkum aðskilnaði er átt við að rekstrartekjur og gjöld, og eftir atvikum eignir og skuldir, þess hluta rekstrar opinbers aðila eða annars aðila sem uppfyllir skilyrði til íhlutunar á grundvelli 14. gr. og er í samkeppni við einkaaðila, séu bókfærðar sjálfstætt og haldið aðgreindum frá bókfærðum rekstri og efnahagi verndaðs rekstrar sama aðila. Þannig skulu allar tekjur og öll gjöld, bein og óbein sem og föst og breytileg, sem tilheyra samkeppnisrekstrinum bókfærð á þann hluta rekstrarins ásamt hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, s.s. húsnæðiskostnaði, skrifstofuhaldi, launum starfsfólks, yfirstjórn o.þ.h. Þá er einnig gert ráð fyrir að efnahag, þ.e. eignum og skuldum sem með beinum hætti tengjast samkeppnisrekstrinum, sé haldið sérstaklega til haga í bókhaldi. Með fjárhagslegum aðskilnaði eins og honum er hér lýst er reynt að tryggja að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur með fé frá verndaðri starfsemi sem m.a. nýtur opinberra fjárframlaga.
6. Í áðurgreindu bréfi Veðurstofunnar kemur hins vegar fram að unnið sé að nánari greiningu á umfangi samkeppnisrekstrar og frekari útbótum, þannig að utan um þann þátt í starfsemi stofnunarinnar sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði verði haldið sérstaklega í reikningshaldslegu tilliti og þær upplýsingar birtar opinberlega með skýrum og aðgengilegum hætti.
7. Með hliðsjón af öllu framangreindu leggur Samkeppniseftirlitið áherslu á að Veðurstofan tryggi án tafar fjárhagslegan aðskilnað og sjálfstætt reikningshald um þann rekstur sem er í samkeppnisrekstri við einkarekin fyrirtæki á markaði í samræmi við ákvörðun samkeppnisráðs nr. 13/2002 og 2. mgr. 4. gr. laga um Veðurstofu Íslands nr. 70/2008. Þannig sé upplýst um þann rekstur sem telst til samkeppnisrekstrar, fyrirkomulag aðskilnaðarins og uppgjör. Er þetta meðal annars brýnt þegar stofnunin tekur þátt í opinberum útboðum, en það er lykilatriði í framkvæmd útboða að allir þátttakendur njóti jafnræðis og að ekki sé unnt að draga heilindi útboða í efa.
8. Jafnframt er brýnt að aðskilnaðurinn sé gerður aðgengilegur, þ.e. að greinargóðar upplýsingar séu gefnar um hinn fjárhagslega aðskilnað opinberlega, þ.á m. á heimasíðu Veðurstofunnar. Þannig sé gerð grein fyrir því hvaða rekstur telst til samkeppnisrekstrar og hvernig stofnunin hagi fjárhagslegum aðskilnaði milli annars



vegar þess rekstrar sem rekinn er að hluta til eða að öllu leyti af opinberu fé og hins vegar þeirrar starfsemi sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila, sbr. 14. gr. samkeppnislaga.

9. Samkeppniseftirlitið mun ekki aðhafast frekar að svo stöddu. Ef ástæða þykir til mun Samkeppniseftirlitið taka það til skoðunar á ný hvort tilefni sé til að taka málið til frekari athugunar og eftir atvikum beita þeim úrræðum sem kveðið er á um í 14. gr. eða b-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga.
10. Áréttu ber í þessu sambandi að þegar opinberir aðilar stunda samkeppnisrekstur á markaði eru gerðar strangar kröfur til þeirra. Segja má að kröfurnar sem gerðar eru til opinberra aðila sem stunda rekstur sem er eða gæti verið í samkeppni við einkaaðila, samhliða því að inna af hendi opinbera þjónustu, séu áþekkar kröfum sem gerðar eru til fyrirtækja sem hafa svonefnda markaðsráðandi stöðu. Vegna þessa hefur Samkeppniseftirlitið, á grundvelli 14. gr. samkeppnislaga, heimild til að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað. Markmiðið með honum er að taka af allan vafa um það að samkeppnisrekstur opinberra aðila sé greiddur niður með þeirri starfsemi opinbers aðila sem nýtur verndar. Þannig þarf ekki að liggja fyrir að hegðun hins opinbera aðila hafi skaðleg áhrif á samkeppni, heldur einungis að opinber aðili sé með hluta af rekstri sínum í samkeppni við einkaaðila.
11. Afrit af bréfi þessu er sent Ríkisendurskoðanda og athygli hans vakin á framangreindu. Jafnframt óskar Samkeppniseftirlitið eftir því að Veðurstofan geri því grein fyrir framgangi og niðurstöðum þeirra úrbóta sem getið er í bréfi hennar. Óskað er eftir því að upplýsingar um þetta berist eigi síðar en 1. mars nk.

Að öðru leyti en að framan greinir mun Samkeppniseftirlitið ekki aðhafast frekar í málinu á þessu stigi. Eftirlitið áskilur sér hins vegar rétt til að taka málið til frekari athugunar á síðari stigum, þ.á m hvort möguleg brot á ákvörðun samkeppnisyfirvalda kalli á íhlutun.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

Brynjólfur Sigurðsson

Afrit: Félag atvinnurekenda og Ríkisendurskoðun